

# Stjórnarfundur Leiðsagnar

3. maí 2022 kl. 17:00

Boðaður fundur nýkjörinnar stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS), Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri, Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) varamaður sem tekur sæti meðstjórnanda vegna forfalla.

Á fjarfundi: Pétur Gunnarsson (PG) varamaður og Hallfríður Þórarinsdóttir (HÞ) varamaður.

Boðuð forföll: Leifur Björnsson (LB) meðstjórnandi, Gunnsteinn Ólafsson (GÓ) varamaður.

1.	<b>Fundur settur</b>	<p>Formaður býður stjórnarmenn og varamenn velkomna á þennan fyrsta fund nýrrar stjórnar sem kemur saman eftir aðalfundinn 26.4.2022.</p> <p>Formaður leggur til verkaskiptingu stjórnar, þ.e. að SSS verði áfram varaformaður, VÁ gjaldkeri, HB ritari og Leifur Björnsson meðstjórnandi, og er það samþykkt. (Gunnsteinn Ólafsson er 1. varamaður, Guðný Margrét Emilsdóttir er 2. varamaður, Hallfríður Þórarinsdóttir er 3. varamaður og Pétur Gunnarsson er 4. varamaður.)</p> <p>Farið yfir helstu niðurstöður aðalfundarins, sem þótti takast vel.</p> <p>Fundargerðir frá síðustu fundum fyrri stjórnar ekki taldar eiga erindi á þennan fund með nýju fólki og samþykkt að þær verði afgreiddar í tölvupóstum milli hlutaðeigandi aðila.</p> <p>Rætt aðeins um tímasetningar funda, e.t.v. hentugra að hefja fundi aðeins síðar, t.d. kl.18, þar sem margir eru í ferðum og ná ekki í hús fyrr.</p>	U Á	Friðrik
2.	<b>Auka-aðalfundur</b>	<p>Á aðalfundinum 26.4. tókst ekki að afgreiða öll málefni, og þarf að kalla til auka-aðalfund innan ekki of langs tíma. M.a. þarf að ákveða fast aðildargjald til Leiðsagnar skv. nýsamþykktum lögum.</p> <p>Einnig þarf að kynna á þeim fundi endurskoðaða reglugerð Sjúkrasjóðs sem unnið er að. Búið er að gera tryggingarstærðfræðilega úttekt á sjúkrasjóðnum og liggur fyrir skýrsla. Væri gott að kynna betur fyrir félags-mönnum þá styrki sem þeim standa til boða úr sjóðum félagsins, þ.e. Sjúkrasjóði og Endurmenntunarsjóði.</p> <p>Ný reglugerð Endurmenntunarsjóðs er búin að fá góða kynningu, bæði á félagsfundi 5.5. og eins lá hún frammi á aðalfundinum.</p> <p>Stungið upp á að hafa líka áhugavert fræðsluerindi á þessum auka-aðalfundi, t.d. um öryggismál, en slíkt væri mjög gagnlegt nú í upphafi vertíðar. Nefnt að Jónas Guðmundsson hjá Landsbjörgu hafi verið jákvæður gagnvart því að halda erindi fyrir félagsmenn.</p>	U U U Á	Friðrik Stjórn Sjúkrasj. Fræðslu nefnd

		Rætt um að gott væri að fjölga félagsfundum, og talið einkar nauðsynlegt að halda félagsfund í haust um kjaramálin áður en kjarasamningar fara í gang.  Alla fundi félagsins mætti taka upp og setja á innri félagavefinn, ef fólk kemst ekki í eigin persónu.	U Á  U	Stjórn
3.	<b>Aðildargjald</b>	Rætt um upphæð aðildargjalds. Flestallir félagar í Leiðsögn hafa líka verið í Fagdeildinni og greitt 9000 kr í árgjald þangað, en það hefur verið óbreytt í nokkur ár. Samþykkt að miða við að allir félagar í Leiðsögn greiði þessa upphæð og krafa verði send út í upphafi árs 2023. Nýir félagar greiða ekkert fyrsta árið og 67 ára og eldri greiða hált gjald.	U  Á	Friðrik Stjórn
4.	<b>Iðgjaldagreiðslur frá atvinnurekendum í ferðapjónustu</b>	Rætt um nauðsyn þess að atvinnurekendur í ferðapjónsutu greiði iðgjöld af launum starfsmanna sinna til Leiðsagnar, t.d. vegna erlendra starfsmanna, en útlit er fyrir að í ár verði mikið leitað eftir erlendum starfsmönnum. Ef starfsmenn koma frá löndum utan ESB þá þarf Leiðsögn að gefa umsögn til Vinnuálastofnunar. Staðlað form ráðningasamnings mikilvægt og að fram komi að greitt sé eftir kjarasamningum LS.  Þarf að brýna fyrir SAF og fyrirtækjum í ferðapjónustu, VR og Eflingu líka, að beina iðgjaldagreiðslum í réttan farveg eftir eðli starfa.  Eins þarf að skilgreina og útskýra hvaða hag starfsmenn hafa að því að vera í stéttarfélagi og koma þeim upplýsingum á framfæri, sbr. plaköt og spjöld sem var dreift síðasta haust af Leiðsögn.	U   U	Snorri   Friðrik Stjórn
5.	<b>Stjórn Endurmenntunarsjóðs</b>	Skv. nýjum lögum sem samþykkt voru á aðalfundinum 26.4. og skv. nýrri reglugerð Endurmenntunarsjóðs, á að skipa stjórn sjóðsins með eftirfarandi hætti: Formaður Leiðsagnar, einn stjórnarmaður og einn félagsmaður kosinn á aðalfundi. Birna Imsland var kjörin úr hópi félagsmanna á aðalfundinum 26.4. Formaður stingur upp á að HB sitji áfram sem aðili stjórnar og er það samþykkt af öllum (GME situr hjá).	U  Á	Friðrik
6.	<b>Fundargerð aðalfundar</b>	Fundargerð aðalfundar dreift til fundarmanna, beðnir um að lesa vel yfir og koma hugsanlegum athugasemdum á framfæri til ritara stjórnar sem mun taka þær saman. Fundargerðin verður tekin fyrir til samþykktar á næsta fundi stjórnar þegar allir hafa kynnt sér vel efnið.	U  Á	Friðrik
7.	<b>Önnur mál</b>	a) Undirrituð yfirlýsing til Ríkisskattstjóra um eignarhald á sjóðum félagsins.  b) Rætt um nauðsyn þess að fyrirspurnir sem berast skrifstofu séu staðfestar með tölvupóstum, betra upp á skilvirkni og skráningu. Einkum er þetta mikilvægt í kjarabrotamálum sem eiga að fara á borð Kjaranefndar. Starfsmaður skrifstofu vinnur náíð með SSS formanni Kjaranefndar í því að leysa kjarabrotamál, og gott væri að félagsmenn bóki tíma í slík mál.		

		<p>c) Spurt hvort einhver sé í trúnaðarstörfum fyrir Leiðsögn sem sé ekki með leiðsögumannsmentun, og hvort ekki sé æskilegt að farið sé fram á slíka mentun ef fólk á að vera í forsvari fyrir félagið. Ekki er kveðið á um neitt slíkt í núverandi lögum, þyrfti e.t.v. að athuga og koma fram með lagabreytingu fyrir auka-aðalfund. Raunfærnimatið ætti að gefa fleirum kost á að fá staðfestingu á hæfni sinni þótt formleg mentun liggi ekki til grundvallar, en mótun raunfærnimats er ein af áherslum næsta árs í starfi stjórnar.</p>		
	<b>Fundi slitið 18:15</b>			

Fundargerð staðfest:

---

Friðrik Rafnsson, formaður

---

Harpa Björnsdóttir, ritari